

52. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 20. janúar 2026, kl. 11, innviðaráðuneyti.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Árni Sverrisson (Félag skipstjórnarmanna), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar), Kjartan Páll Sveinsson (Landssamband smábátaeigenda), Eyþór Ólafsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Gísli Jóhann Hallsson (Samband íslenskra sveitarfélaga), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Fannar Gíslason (Vegagerðin), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa).

Aðrir gestir: Þorsteinn Þorkelsson (SGS).

Dagskrá:

1. Kynning frá Samgöngustofu um öryggi, líðan og heilsu íslenskra sjómanna.
2. Kynning frá Norðurflugi - fellur niður.
3. Kynning á starfi vinnuhóps um leiðsöguskyldu.
4. Önnur mál:
 - a. Landssamband smábátaeigenda: staða mála hvað varðar skoðun og eftirlit með björgunarbátum.
 - b. Fyrirkomulag lögskráninga smábátasjómanna.

Kynning frá Samgöngustofu:

Þorsteinn Þorkelsson kynnir niðurstöður könnunar um öryggi, líðan og heilsu íslenskra sjómanna.

Samskonar könnun var gerð 2016 og 2019 en svo datt þetta niður í faraldrinum. Samgöngustofa hefur hug á því að halda áfram að framkvæma könnunina á 3 ára fresti til að fylgjast með stöðu mála.

Island.is var notað til að ná til skipverja og þátttaka í könnuninni var góð. Náðist góð dreifing á marga hópa skipverja. Skipt niður eftir störfum um borð.

Notuðu island.is til að ná til fólks. Samskonar könnun var gerð 2016 og 2019 en svo datt þetta niður í faraldrinum. En var aftur gerð 2025. Og Samgöngustofa vill gjarnan halda áfram að framkvæma á 3 ára fresti.

Þátttakan var góð. Náðist góð dreifing á marga hópa skipverja. Skipt niður eftir störfum um borð.

Stutt samantekt á niðurstöðum könnunarinnar miðað við þá sem fram fór 2019:

- Samfelldur vinnutími að minnka
- 81% sjómanna hafa kynnt sér hættumatum borð
- 86,5% sjómanna hafa aðgang að uppblásanlegum björgunarvestum og 89% nota þau
- Nýliðafræðsla góð
- Almennt gott ástand á öryggismálum og öryggisbúnaði
- Fleiri kannast við einelti og kynferðislegt ofbeldi
- Heldur færri sem segja að slysum hafi fækkað
- Aðeins fleiri sem eru ánægðir með að hafa sjómennsku að atvinnu

Kallað var eftir ábendingum ráðsmanna og tillögum að spurningum fyrir næstu könnun.

Bent á að spurningarnar eru mikið miðaðar að fiskiskipum, frekar en farþegaskipum. Mætti bæta við "á ekki við" möguleika við margar spurningar.

Umræða um að finna leiðir til að fá sjómenn til að tilkynna fleiri slys, og þá kannski helst minni slysin sem eru sjaldnar tilkynnt, svo Samgöngustofa hafi tölfræðina.

Önnur mál

1. Kjartan frá Landssambandi smábátaeigenda: staða mála hvað varðar skoðun og eftirlit með björgunarbátum.
Eftir að 120 bátar frá Skipavík voru innkallaðir í haust hefur komið í ljós að stórt hlutfall af bátum voru ónýtir og hefur það vakið óhug hjá smábátasjómönnum. Sambandið hefur áhyggjur af því að vandamálið sé kerfislegt. Reglunum var breytt 2002 og síðan þá þarf ekki tvo aðila til að skoða bátana sem fer gegn því sem Víking í Danmörku leggur til. Hugsanlega þarf að breyta aftur og fylgja því sem framleiðandi leggur til. Svo spilar annað inn í eins og að bátarnir séu ekki festir rétt, staðsetning óeðlileg, sleppibúnaður ekki skv. leiðbeiningum, bátarnir renna til og annað. Vantar að skoða þetta heildrænt. SGS: verið að skoða þessa þætti hjá SGS. Finnum góðan tíma fyrir kynningu á þeim verkefnum sem eru í gangi varðandi þetta hjá Samgöngustofu þegar málið er tilbúið til umræðu.
2. Kjartan frá Landssambandi smábátaeigenda: fyrirkomulag lögskráninga smábátasjómannna.
Nýlega var haldin kynning hjá Samgöngustofu um fyrirhugaðar breytingar á lögskráningarfyrirkomulagi. Strandveiðisjómenn hafa lögskráð sig í upphafi vertíðar og afskráð í lok hennar. Og það er ekki samkvæmt reglum. Nú á að fara að framfylgja þessum reglum og það leggst illa í smábátasjómenn, að þurfa að lögskrá sig að morgni og skrá sig af í lok dags. Einhverjar hugmyndir um að hægt sé að skrá sig á mánudagsmorgni og afskrá í lok vikunnar. Rökin fyrir þessu eru að þetta tengdist siglingatíma. Samgöngustofa tekur þetta til skoðunar.
3. Kjartan frá Landssambandi smábátaeigenda: eigin skoðun skipa. Óskað eftir upplýsingum um hvernig þetta hefur gengið fyrir skemmtibátana. Í Noregi er þetta leyfilegt fyrir allt að 15m bátum. Spurning hvort það mætti fara að innleiða þetta fyrir aðeins stærri báta en skemmtibáta hér á landi. Þarna er ábyrgðin færð á skipstjórnann og gæti gert mikið fyrir öryggishugarfar um borð að mati Kjartans.
Umræðan sneri að því að varfærni og öryggissjónarmið verði höfð að leiðarljósi. Formaður ítrekar mikilvægi þess að við förum varlega, sumum er treystandi til að gera þetta vel en það á ekki við um alla. Skyndiskoðanir í eftirlitsskyni koma aldrei í staðinn fyrir skoðanir viðurkenndra skoðunarmanna. Hann geldur varhug við að slíkt verði leýft.

Kynning á starfi vinnuhóps um leiðsöguskyldu

Formaður kynnir verkefni vinnuhópsins.

- Þau svæði sem eru til skoðunar sem möguleg leiðsöguskyld svæði.
- Inntökuskilyrði í námið.
- Námið sem leiðsögumenn þyrftu að ljúka verði leiðsöguskylda sett á, Alþjóðleg viðmið sem fylgt er í IMO A.960.
- Vinnuhópurinn þegar fundað með Tækniskólanum.
- Litið til Noregs varðandi framkvæmdina.

Næsti fundur áætlaður 24. febrúar 2026 kl. 11 hjá Samgöngustofu.

(Síðar breytt í 17. febrúar 2026 kl. 11 hjá Samgöngustofu).

Fundi slitið 13:00.